

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022, með síðari breytingu.

Flm: **Einar Örn Björgvinsson**, Auður Thorberg og Magnús Erlingsson.

1. gr.

2. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kjörtímabil biskups Íslands og vígslubiskupa skal vera fimm ár.

Komi ekki fram skrifleg ósk um kosningu biskups eða vígslubiskups frá 25% þeirra sem hafa rétt til að tilnefna biskup Íslands eða vígslubiskupa ári áður en kjörtímabil rennur út skal forsætisnefnd kirkjuþings endurnýja og staðfesta kjörbréf biskups og vígslubiskupa til næstu fimm ára.

Biskup eða vígslubiskup sem hyggst láta af störfum í lok kjörtímabils skal tilkynna það skriflega forseta kirkjuþings með níu mánaða fyrirvara. Þegar tilkynning hefur borist skal forsætisnefnd fela kjörstjórn þjóðkirkjunnar að undirbúa kosningar.

Biskup eða vígslubiskup skal láta af embætti eigi síðar en í lok þess mánaðar er hann verður sjötíu ára gamall.

2. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kosningarrétt eiga aðal- og varamenn í sóknarnefnd og allir sem eru í launuðu starfi hjá sóknarnefnd.

Kosningarrétt eiga þjónandi prestar og djáknar þjóðkirkjunnar, sem eru í föstu og launuðu starfi í sóknum landsins eða á stofnunum á Íslandi eða hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis og sem lúta tilsjón biskups Íslands.

Biskup Íslands og vígslubiskupar eiga kosningarrétt við biskupskjör. Auk þeirra eiga kosningarrétt starfsmenn á skrifstofu Þjóðkirkjunnar.

3. gr.

5. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kosningarrétt við vígslubiskupskjör eiga þeir sömu og réttinn eiga skv. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. og eiga lögheimili í prófastsdæmi sem er í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í.

Þjónandi prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis, sbr. 2. mgr. 4. gr., nýtur kosningarréttar í umdæmi vígslubiskups í Skálholti.

Biskup Íslands og vígslubiskupar eiga kosningarrétt við vígslubiskupskjör. Auk þeirra eiga kosningarrétt starfsmenn á skrifstofu Þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Við 14. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar skal sjá til þess að þeir sem eru í kjöri til biskups Íslands eða vígslubiskups geti kynnt sig á vefsvæði og samskiptamiðlum Þjóðkirkjunnar.

5. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Sé einn í kjöri telst sá vera sjálfkjörinn.

6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2026.

Greinargerð.

Í nágildandi starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022, er kveðið á um að biskup Íslands og vígslubiskupar séu á sex ára kjörtíma. Tvisvar hefur verið kosið eftir þessum reglum og er því komin nokkur reynsla af þeim. Reglurnar kveða á um að kosið sé milli þeirra, sem sækjast eftir embætti biskups eða vígslubiskups. Þar sem hér er um þrjú embætti að ræða, hvert með sex ára kjörtíma þá þýðir þetta fyrirkomulag að hugsanlega sé verið að kjósa að jafnaði annað hvort ár um biskup Íslands eða vígslubiskup. Svo örar kosningar eru bæði kostnaðarsamar fyrir Þjóðkirkjuna og þá getur kosningabaráttan milli einstaklinga valdið óróa og særindum.

Í þessari tillögu er lögð til ný útfærsla á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Í stað þess að kosið sé nánast sjálfkrafa á sex ára fresti er litið svo á að kjörtímabilið hafi komið í stað fimm ára skipunartíma og sé nokkurs konar öryggisventill þannig að hægt sé að kalla fram kosningu þegar aðstæður krefjast þess. Oftast myndi það vera vegna þess að biskup eða vígslubiskup hefur gefið út yfirlýsingu um að hann ætli að stíga til hliðar þegar yfirstandandi kjörtímabili lýkur eða þá að viðkomandi er að verða sjötugur.

Við sérstakar aðstæður í kirkjunni eins og til dæmis vegna ólgu, deilna eða óeiningar kann það að vera nauðsynlegt að hægt sé að kalla fram biskupskosningu. Slíkt gæti til dæmis gerst ef trúnaðarmenn kirkjunnar álitu að biskup væri lítt hæfur til að gegna embætti sínu eða áframhaldandi þjónusta hans skaðaði orðspor kirkjunnar. Dæmi eru til um það.

Hér er það lagt til að fjórðungur eða 25% þjónandi presta og djákna geti með undirskriftalista kallað fram kosningu um embætti biskups eða vígslubiskups á fimm ára fresti. Samkvæmt nágildandi starfsreglum tilnefna þjónandi prestar og djáknar frambjóðendur til biskups og

vígslubiskups. Vígðir þjónar kirkjunnar starfa iðulega saman og þekkja vel hver til annars. Tilnefningar þeirra eru nokkurs konar faglegt val þar sem tilnefndir eru þeir sem njóta trausts og hafa með störfum sínum sýnt af sér leiðtogaþæfileika og visku. Sýnist eðlilegt að fela þessum hópi það vald að geta á ögurstundu kallað fram biskupskosningu. Þetta er nokkurs konar neyðarréttur, sem yrði ekki gripið til nema í undantekningartilfellum.

Það er líka önnur gild ástæða fyrir því að nauðsynlegt er að tryggja starfsöryggi biskups Íslands og vígslubiskupa og hún er af guðfræðilegum toga. Íslenska þjóðkirkjan er aðili að Porvoo-samkomulaginu. Í 41. gr. Porvoo-yfirlýsingarinnar segir: *“Sá siður að vígja einstakling til ævilangrar þjónustu með bæn, ákalli Heilags anda og yfirlagningu handa minnir kirkjuna á að hlutverk sitt fær hún frá Kristi sjálfum. Þessi siður tjáir líka þann staðfasta ásetning kirkjunnar að sýna trúnað og þakklæti frammi fyrir því verkefni og gjöf. Hin mismunandi hlutverk hinnar einu þjónustu sjást best í uppbyggingu hennar. Hin þrefalda þjónusta biskups, öldungs (prests) og djákna var viðtekið skipulag í frumkirkjunni, enda þótt það breyttist síðar töluvert í tímans rás og er reyndar að þróast enn.”* Hjá nágrannakirkjum okkar í Norður-Evrópu þekktist það ekki að biskupar séu á kjörtíma. Aftur á móti er hjá sumum þeirra regluverk til að setja til hliðar vanhæfan biskup.

Biskupsvígslan er köllun til ævilangrar þjónustu. Þetta sjáum við þegar biskup lætur af embætti sökum aldurs þá heldur hann áfram að vera biskup. Hið sama gildir um presta. Prestar á eftirlaunum geta tekið að sér tiltekin embættisverk eins og skírn. Við höfum nýleg dæmi um presta á eftirlaunum sem hafa hlaupið í skarðið og þjónað prestaköllum þar sem presta vantar. Það þarf að vera ákveðin festa og samhengi í biskupsþjónustunni. Flest erum við nú þannig af Guði gerð að við lærum af reynslunni og verðum betri með árunum. Við getum ekki verið að kjósa annað hvort ár biskup eða vígslubiskup bara til þess eins að skipta um andlit eða persónu.

Um einstakar greinar:

Í 1. gr. er lagt til að kjörtímabil biskups og vígslubiskups verði 5 ár. Meðan prestar og biskupar voru opinberir embættismenn þá var skipunartími þeirra fimm ár. Sýnist eðlilegt að kjörtímabilið verði hið sama. Hugmyndin um sex ára kjörtímabil var sett fram þegar einnig var til umræðu hvort ætti að setja þak á hversu lengi biskup gæti setið í embætti. Hér er horfið frá því.

Þá er lagt til í 2. gr. þessarar tillögu að kosningarréttur verði útvíkkaður þannig að allir þeir, sem eru í launuðu starfi hjá sóknarnefnd, hafi kosningarétt. Er það gert til að gæta jafnræðis og samræmis við vígða þjóna kirkjunnar. Munu starfsmenn kirkjunnar hvort sem þeir þiggja laun frá sókn eða miðlægrri launaskrifstofu hafa kosningarrétt. Aðal- og varamenn í sóknarnefnd hafa kosningarrétt líkt og verið hefur enda er sóknin grunneining kirkjunnar. Hins vegar er horfið frá því að sóknarnefndir í hverju prestakalli útnefni sjö auka kjörmenn fyrir hvert prestakall enda engin rök fyrir hvað ætti að ráða slíku vali. Ekki er lagt til að kosningarréttur við kosningu biskups og vígslubiskupa verði almennur. Hjá systurkirkjum okkar í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er kosningarréttur ekki almennur þegar valinn er biskup.

Í 3. gr. er lagt til að sóknarnefndarfólk, starfsmenn sókna, prestar og djáknar hafi kosningarrétt við vígslubiskupskjör svo framarlega að þeir eigi lögheimili í prófastsdæmi sem er í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í. Djáknar og prestar, sem starfa hjá íslenskum söfnuðum erlendis njóta kosningarréttar í umdæmi vígslubiskups í Skálholti. Er þetta líkt og verið hefur. Í núgildandi starfsreglum segir að vígðir starfsmenn á þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar hafi kosningarrétt við vígslubiskupskjör hvort sem kosið er embættis vígslubiskups á Hólum eða í Skálholti. Til að gæta jafnræðis þá er lögð til sú breyting að allir starfsmenn á þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar njóti kosningarréttar. Og til að taka af öll tvímæli þá er mælt fyrir um kosningarrétt biskups Íslands og vígslubiskupa.

Í 4. gr. er lagt til að bætt verði við 14. gr. núgildandi starfsreglna nýrri málsgrein þar sem hnykkt er á því að frambjóðendum verði kynntir á vefmiðlum kirkjunnar. Er framkvæmdastjóra falið að tryggja það.

Í 5. gr. er lagt til að sé einn í kjöri þá sé hann sjálfkjörinn. Í núgildandi starfsreglum stendur aftur á móti í 2. mgr. 15. gr. að kosning skuli fara fram þó að einn sé í kjöri, nema um endurkjör sé að ræða. Vandséð er hvaða tilgangi það þjónar að kjósa þegar einungis einn er í kjöri. Það er alla vega ljóst að slíkar kosningar gætu ekki farið nema á einn veg.